



ERINDISBRÉF

Starfshópur um endurskoðun á reglum um tölvunotkun

Ábyrgðarmaður: Óskar J. Sandholt.

Inngangur:

Markmið reglna um tölvunotkun hjá Reykjavíkurborg er að upplýsa notendur á tölvuumhverfi Reykjavíkurborgar um hvernig þau skuli fara með stafrænt efni, umgangast tölvupóst, tölvubúnað, hugbúnað og snjalltæki og haga netnotkun ásamt því að skýra hvernig eftirliti og ábyrgð Reykjavíkurborgar á framangreindu er háttáð.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að endurskoða og endurmeta reglur um tölvunotkun. Einnig að meta áhættur sem þeim fylgja og leggja til nýja útfærslu á reglunum.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Yfirfara núverandi reglur og uppfæra.
- Innlíma reglur Reykjavíkurborgar um almennar aðgangstakmakanir að efni á veraldarvef í reglur um tölvunotkun.

Starfshópurinn skipa:

Ólafur Sólímán Helgason (formaður), skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu.

Aldís Geirdal Sverrisdóttir, teymisstjóri lögfræðiþjónustu.

Búi Bjarnar Aðalsteinsson, stafrænn leiðtogi þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Fjóla Kristín Traustadóttir, deildarstjóri hjá upplýsingatækniþjónustu.

Jón Kristinn Ragnarsson, ION ráðgjöf fyrir hönd upplýsingatækniþjónustu.

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Eva Pandora Baldursdóttir, verkefnastjóri stjórnsýslumála.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstími:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok janúar 2024.

Reykjavík, 1. desember 2023

Óskar J. Sandholt,
sviðsstjóri